

09.06.2006
GE/isg

Samþykkt fyrir Mannréttindanefnd Reykjavíkurborgar

1. gr.

Mannréttindanefnd starfar, í umboði borgarráðs, með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari og lögum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sbr. einnig heimild í 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um sameiningu nefnda.

2. gr.

Mannréttindanefnd starfar í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á hverjum tíma og lögum um jafna stöðu og rétt kvenna og karla, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs að því er varðar verksvið hennar.

Hún er ráðgefandi fyrir borgaryfirvöld um málefni sem varða verksvið hennar sem byggir á jafnræðisreglunni og miðar að því að allir menn fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ættneris, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Nefndin gerir tillögu til borgarráðs að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum hennar og stefnumörkun sé fylgt.

3. gr.

Nefndin er svo skipuð að í henni eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Borgarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna nefndarmanna. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar.

Nefndin getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Ákvörðun um skipun undirnefndar skal tilkynna borgarráði.

4. gr.

Forstöðumaður Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar skal sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt getur nefndin boðað aðra þá til fundar sem hún telur þörf á hverju sinni.

5. gr.

Mannréttindanefnd heldur að jafnaði fundi einu sinni í mánuði. Boða skal til aukafundar eftir þörfum. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Nefndin getur haldið fundi opna almenningi.

6. gr.

Formaður boðar til fundar og ákveður dagskrá í samráði við forstöðumann mannréttindaskrifstofu. Nefndin skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um fundarsköp fer eftir samþykktum um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001 eftir því sem við á.

Mannréttindaskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir nefndina og skráir fundargerð á fundum hennar.

7. gr.

Skrifstofustjóri borgarstjóra ræður forstöðumann mannréttindaskrifstofu að höfðu samráði við mannréttindanefnd.

8. gr.

Borgarráð úthlutar fjárhagsramma til nefndarinnar vegna fjárhagsáætlunar næsta árs. Nefndin skal ár hvert afgreiða starfsáætlun fyrir næsta starfsár.

Forstöðumaður mannréttindaskrifstofu leggur fram til kynningar og umfjöllunar tillögu að frumvarpi að fjárhagsáætlun, á grundvelli starfsáætlunar, sem hann ásamt formanni nefndarinnar kynna fyrir borgarráði. Nefndin skal meta og staðfesta að tillagan sé í samræmi við markaða stefnu. Tillögur um breytingar á rekstrinum, sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu, skal sérstaklega skýra og rökstyðja.

Nefndin getur ekki tekið ákvarðanir sem raska fjárhagsáætlun skrifstofu borgarstjóra nema með samþykki borgarráðs.

9. gr.

Formaður nefndarinnar er í forsvari fyrir nefndina um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á.

Forstöðumaður mannréttindaskrifstofu ber ábyrgð á rekstri og stjórnun mannréttindaskrifstofu, sem heyrir undir skrifstofu borgarstjóra, þ.m.t. fjármálum og framkvæmd ákvarðana nefndarinnar.

10. gr.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi.

Jafnframt er felld úr gildi samþykkt fyrir jafnréttisnefnd frá 21. mars 2002.